

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

23. febrúar 2022.

Umsögn; frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 118. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög, 118. mál.

Frumvarpið var lagt fram í nær óbreyttri mynd árin 2018 og 2020. Stjórn SSNV veitti umsagnir um málið í bæði skiptin. Þar sem frumvarpið hefur ekki tekið efnislegum breytingum er umsögnin nú samhljóða hinum fyrri.

Helstu breytingar í frumvarpinu virðast lúta að eftirfarandi þáttum:

1. Takmörkun á samstarfi afurðastöðva í mjólkuriðnaði.
2. Dregið verði úr vægi Bændasamtaka Íslands í lagaumgjörð íslensks landbúnaðar.
3. Gefinn ádráttur um að einstakir framleiðendur geti gert beina samninga við stjórnvöld, án aðkomu stéttarfélaga bænda.
4. Regluverk verði gert þannig úr garði að bændum sé gert kleift að vinna og markaðssetja afurðir sínar sjálfir.

Hvað varðar fyrsta liðinn er hvergi sýnt fram á í greinargerð með frumvarpinu hvernig takmörkun á samstarfi afurðastöðva í mjólkuriðnaði á að verða til hagsbóta annars vegar bændum og hins vegar neytendum. Þvert á móti hafa víða verið færð rök fyrir því að þetta samstarf verði einmitt til þess að ná fram hagræðingu í rekstri afurðastöðvanna, sem skilar sér beint í lægra verðlagi til neytenda. Mjólkursamsalan er enda ekki hagnaðardrifið fyrirtæki og lýtur ströngum kröfum þar að lútandi.

Eftir að búnaðargjald var fellt niður og aðild að Bændasamtökum Íslands í framhaldinu gerð valfrjáls, er hæpið að fyrrnefnd samtök séu svo afdráttarlaust nefnd sem samningsaðili við ríkið. Hins vegar verður að líta á það að samningsstaða bænda er sterkari eftir því sem fleiri eru í sama hagsmunafélagi, og þarfnast liður 2 þar með nánari athugunar áður en ríkið fer markvisst og að fyrra bragði að draga úr vægi Bændasamtakanna í lagaumgjörð landbúnaðar.

Hvað það varðar að einstakir framleiðendur geti samkvæmt frumvarpsdrögum gert sér samninga við yfirvöld varðandi stuðning og samninga verður það að teljast sérstök tillaga svo ekki sé meira sagt og býður hreinlega upp á samsæriskenningar og orðróm um klíkuskap og spillingu, alltaf hlýtur að vera betra að félagasamtök geri slíka samninga fyrir hagsmuni heildarinnar.

Liður 4 gengur út á að bændum verði gert auðveldara að framleiða fullunna vöru úr eigin hráefni. Varðandi þennan lið skal bent á að öllum bændum er í dag frjálst að framleiða heimaunna vöru, hafi þeir til þess tilskilin leyfi frá Matvælastofnun og viðkomandi Heilbrigðiseftirliti. Því verður ekki séð að fyrirhugaðar breytingar hafi nokkur áhrif á möguleika bænda til sölu á vörum beint frá býli.

Þegar litið er á breytingatillögur í heild sinni er erfitt að sjá hvernig þær eiga að bæta hag annars vegar neytenda og hins vegar bænda, og virðast þær sem heild frekar sniðnar að hagsmunum innflytjenda landbúnaðarvara.

Landbúnaður er undirstöðuatvinnugrein á Norðurlandi vestra og kjölfesta byggðar, ekki bara í dreifbýli heldur einnig í þéttbýliskjörnum á svæðinu. Með frumvarpinu er vegið að greininni með illa ígrunduðum hætti sem mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir byggð og búsetuskilyrði í landshlutanum nái frumvarpið fram að ganga.

Leggjast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra því alfarið gegn því að frumvarpið fái framgöngu og mælast til þess að það verði fellt í heild sinni.

Að lokum áskilur SSNV sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri